


Matvöruverð hefur hækkað mikið á síðustu mánuðum og umræðan um hækkingu hráfnisverð og áhrifa af lækkandi gengi krónunnar verið hávæ. Við aðstæður sem þessar reynir á að samkeppni á mörkuðum skili sér í sem minnstri verðhækkun til neytenda. Til þess að fylgjast með því hvernig verð í einstaka matvöruverslunum hefur breyst að undanfögnu hefur verðlagseftirlit ASÍ á síðustu mánuðum fylgst náið með og kannað vikulega verð á almennri innkaupakörfu til heimilisins í helstu verslunarkeðjum á matvörumarkaði.

Helstu niðurstöður eru að vörukarfa ASÍ hefur á 11 vikna tímabili, frá annari vikunni í apríl til þriðju vikunnar í júní (vika 15-25), hækkað mest í lágvöruverðsverslunum þar sem hækkunin er á bilinu 4-9%. Hjá stóru lágvöruverðskeðjunum hefur vörukarfan hækkað um tæp 8% í Bónus og 6,5% í Krónan. Hækkunin í öðrum verslunarkeðjum er á bilinu 3-4%. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni hefur verð á mat- og drykkjarvörum í vísitölu neysliverðs hækkað um rúm 10% það sem af er ári og þar af um tæplega 9% frá því í marsmánuði.




Verðlagseftirlitið mun áfram fylgjast náið með þróun á verði í matvöruverslunum á næstunni og kanna hvernig verð til neytenda breytist í einstaka verslunarkeðjum.

Hér að neðan má finna nánari greiningu á gögnum úr verðmælingum síðustu vikna.

## Lágvöruverðsverslanir

Verð á vörukörfu ASÍ er mælt í fjórum lágvöruverðsverslunarkeðjum, Bónus, Krónunni, Nettó og Kaskó. Mest hækkun á verði vörukörfunnar sem skoðuð er kom fram í þessum verslunum í seinni hluta aprílmánaðar en eftir það hægði á breytingum á milli vikna.

Í stærstu lágvöruverðskeðjunni Bónus hefur verð vörukörfunnar hækkað um 7,7% á tímabilinu frá annarri vikunni í apríl til þriðju vikunnar í júní. Í Krónunni nemur hækkunin 6,5%. Minnst hækkun á vörukörfunni í lágvöruverðsverslununum var í Nettó þar sem karfan hækkaði um rúm 4% á tímabilinu. Mest hækkaði karfan í Kaskó um 8,7% en líkt og í hinum lágvöruverðskeðjunum kom sú hækkun að mestu fram í apríl og eftir það var verð körfunnar nokkuð stöðugt en hækkaði svo að nýju í byrjun júní.



Auk breytinga á verði vörukörfunnar í heild hafa einnig verið teknar saman upplýsingar um verðbreytingar á einstaka vöruflokkum í körfunni. Þess ber að geta að breytingar á vöruflokkum á milli vikna geta verið viðkvæmar fyrir tilboðsverðum á einstaka vöruliðum.

Brauð og kornvörur í vörukörfunni hafa á tímabilinu hækkað um 8%-11% í lágvöruverðsverslununum, að Krónunni undanskilinni þar sem hækkunin er rúm 4%. Kjötvrörur eru sá vöruliður sem verð sveiflast jafnan mest á milli vikna í lágvöruverðsverslunum. Þetta skýrist af því að tímabundnir afslættir eru oft veittir af þessum vörum sem veldur miklum sveiflum í verði á milli vikna. Liðurinn mjólkurvörur, ostur og egg hækkaði mest í stóru lágvöruverðskeðjunum, í Bónus um 9% og Krónunni um 12% en hækkunin var 5-6% í Nettó og Kaskó. Verð á grænmeti og ávöxtum sveiflast alla jafna nokkuð og er verð á einstaka tegundum mjög háð árstíðarsveiflum. Þetta endurspeglast í verðmælingunum en verð á grænmeti og ávöxtum í körfunni lækkaði heldur á fyrri hluta tímabilsins í þessum verslunum, að Bónus undanskildu, en hefur svo farið hækkaði á seinni hluta tímabilsins. Drykkjarvörur í vörukörfunni hafa hækkað

mest í Bónus og Krónunni um 5,5%-6,5%. Í Kaskó er verð á drykkjarvörum nánast óbreytt á tímabilinu en í Nettó nemur hækkunin 3%.

Töflurnar hér að neðan sýna breytingar á verði vöruflokkunar og einstaka vöruflokka í hverri verslun fyrir sig á milli verðmælinga í vikum 15-25.

<b>Bónus</b>											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vöruflokkunar vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>102,8</b>	<b>107,1</b>	<b>106,1</b>	<b>106,9</b>	<b>107,0</b>	<b>106,2</b>	<b>108,2</b>	<b>106,8</b>	<b>104,8</b>	<b>107,7</b>
Brauð og kornvörur	100	103,9	104,6	105,1	105,1	107,5	108,1	108,6	109,4	107,6	107,9
Kjötvörur	100	105,3	119,8	112,7	115,7	112,6	107,1	118,2	109,0	105,5	112,6
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	104,7	106,1	107,2	107,5	108,1	108,0	109,6	109,7	109,4	109,3
Grænmeti og ávextir	100	101,0	104,4	107,4	106,2	107,9	107,6	99,8	107,8	103,1	108,9
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	100,0	101,4	100,6	102,0	102,0	99,1	102,0	101,2	101,2	102,5
Ýmsar matvörur	100	101,4	102,6	102,9	102,6	104,6	105,0	104,9	105,5	103,4	105,5
Drykkjarvörur	100	100,9	100,7	100,9	101,3	101,2	104,3	103,8	105,0	100,9	105,0
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,0	100,0	102,1	102,0	102,0	108,1	102,0	100,6	102,0	100,6

<b>Krónan</b>											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vöruflokkunar vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>100,7</b>	<b>105,4</b>	<b>103,8</b>	<b>105,0</b>	<b>105,8</b>	<b>106,0</b>	<b>104,4</b>	<b>106,5</b>	<b>104,5</b>	<b>106,5</b>
Brauð og kornvörur	100	101,0	101,9	101,5	102,4	104,5	101,4	104,5	104,2	104,2	104,2
Kjötvörur	100	101,5	119,1	108,6	111,7	111,7	111,7	104,4	107,6	101,3	107,6
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	105,1	107,2	109,4	109,1	110,1	109,4	112,6	111,6	112,7	112,1
Grænmeti og ávextir	100	97,2	96,2	99,4	99,6	100,7	104,2	96,6	105,0	100,8	101,6
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	101,7	99,7	99,9	101,5	101,5	101,4	104,8	104,1	105,2	105,7
Ýmsar matvörur	100	97,8	98,7	100,1	99,8	101,7	105,2	104,6	110,2	108,0	109,5
Drykkjarvörur	100	99,2	100,4	104,8	103,2	103,0	103,2	102,4	103,8	102,5	106,6
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,0	100,0	100,6	104,2	103,2	104,0	103,2	101,9	103,2	101,9


<b>Nettó</b>											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vöruflokkunar vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>103,3</b>	<b>106,6</b>	<b>103,9</b>	<b>103,7</b>	<b>104,5</b>	<b>104,5</b>	<b>104,8</b>	<b>102,4</b>	<b>103,1</b>	<b>104,2</b>
Brauð og kornvörur	100	107,0	107,0	107,8	105,9	110,7	111,2	111,2	107,8	111,4	111,4
Kjötvörur	100	110,3	120,1	110,0	109,2	110,0	110,0	110,0	102,5	102,5	105,7
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	103,7	104,0	103,7	103,7	103,7	103,8	105,6	104,9	105,6	104,9
Grænmeti og ávextir	100	93,2	95,6	95,5	95,9	96,8	94,5	94,2	93,2	97,0	97,3
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	102,6	103,4	102,6	102,6	101,5	102,6	103,4	103,0	103,0	103,0
Ýmsar matvörur	100	98,5	104,3	100,6	100,6	100,0	101,9	101,9	104,4	104,4	104,4
Drykkjarvörur	100	100,0	97,2	102,6	102,6	104,5	102,7	102,7	102,7	100,9	103,3
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,0	98,2	100,0	102,2	102,2	102,2	101,8	102,2	100,0	102,2

Kaskó											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>105,7</b>	<b>105,7</b>	<b>105,3</b>	<b>105,8</b>	<b>105,9</b>	<b>107,3</b>	<b>105,2</b>	<b>105,2</b>	<b>108,8</b>	<b>108,7</b>
Brauð og kornvörur	100	100,4	103,0	101,2	103,9	104,8	107,8	107,8	108,4	108,4	108,4
Kjötvrörur	100	123,0	121,1	118,9	121,0	122,5	122,5	111,6	112,0	123,0	123,0
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	103,7	103,7	103,7	102,2	101,8	103,2	104,6	104,6	105,9	105,9
Grænmeti og ávextir	100	98,8	99,1	98,0	96,5	99,1	98,7	101,5	102,5	102,1	102,8
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	101,1	101,1	101,1	101,1	98,8	101,6	101,6	101,6	102,4	102,2
Ýmsar matvörur	100	100,1	99,0	101,0	101,0	97,7	102,9	102,9	100,1	106,5	105,7
Drykkjarvörur	100	99,1	99,1	99,2	99,2	100,1	100,1	100,1	100,1	101,2	100,4
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	97,4	100,0	102,2	102,2	102,2	102,2	102,2	102,2	102,2	102,2

## Stórmarkaðir

Verð á vörukörfunni er mælt í þremur stórmörkuðum, Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrval. Fram undir miðjan maí var fremur lítil breyting á verði vörukörfunnar í þessum verslunum en eftir það tók það að síga upp á við. Í heildina hækkaði verð vörukörfunnar um 3-4% á tímabilinu.

Í Hagkaupum hækkaði verð körfunnar um 3,7% á tímabilinu frá annarri vikunni í apríl til þriðju vikunnar í júní og hjá Nóatúni um 3,8%. Í Samkaupum-Úrval hækkaði karfan um 1,4% á tímabilinu en hafði fram undir júní byrjun hækkað um 3% en lækkað svo milli síðustu tveggja verðmælinganna sem hér eru birtar.



Af einstaka vöruflokkum hækkaði verð á brauði og kornvörum um 5-6% í Hagkaupum og Nóatúni en var svo til óbreytt í Samkaupum-Úrval á tímabilinu. Mun minni sveiflur

eru almennt í verði á kjötvörum í þessum verslunum en í lágvöruverðsverslunum en verð þeirra sveiflast samt sem áður nokkuð á milli vikna vegna tilboðsverða. Liðurinn mjólk, ostur og egg hefur hækkað um 4-5% í þessum verslunum á tímabilinu. Verð á grænmeti og ávöxtum í körfunni lækkaði heldur á fyrri hluta tímabilsins, að Samkaupum-Úrvali undanskildu. Það fór svo hækkaði á seinni hluta tímabilsins og hefur í heildina hækkað um 12% í Nóatúni og Samkaupum-Úrval en um 5% í Hagkaupum.


<b>Hagkaup</b>											Vika 15=100	
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>100,8</b>	<b>101,1</b>	<b>100,9</b>	<b>101,6</b>	<b>101,0</b>	<b>103,1</b>	<b>103,4</b>	<b>104,0</b>	<b>103,2</b>	<b>103,7</b>	
Brauð og kornvörur	100	104,3	105,5	105,5	104,9	105,1	105,8	106,4	105,7	106,0	106,3	
Kjötvörur	100	100,0	100,0	100,0	100,0	96,2	101,9	101,9	102,2	102,2	102,2	
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	100,0	103,5	102,5	103,9	103,9	103,9	103,9	103,9	103,9	103,9	
Grænmeti og ávextir	100	99,2	98,5	98,3	100,3	102,0	109,2	105,7	108,7	104,4	104,7	
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	98,6	97,8	98,8	101,4	100,3	99,9	102,2	102,4	102,6	102,7	
Ýmsar matvörur	100	100,8	101,6	99,8	97,3	101,4	101,0	102,3	104,0	100,8	103,4	
Drykkjarvörur	100	103,9	99,9	103,0	101,6	100,9	99,6	102,0	101,5	102,1	101,9	
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,0	100,3	99,0	106,1	102,9	102,9	102,7	104,0	103,1	104,0	

<b>Nóatún</b>											Vika 15=100	
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>101,7</b>	<b>100,4</b>	<b>100,5</b>	<b>102,4</b>	<b>102,6</b>	<b>104,6</b>	<b>104,5</b>	<b>101,4</b>	<b>102,9</b>	<b>103,8</b>	
Brauð og kornvörur	100	104,3	104,7	103,9	104,9	107,3	106,9	106,0	103,9	106,1	104,9	
Kjötvörur	100	101,5	100,0	99,9	100,0	100,0	101,6	101,6	91,3	95,2	96,4	
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	103,2	102,2	103,2	103,9	102,6	103,9	102,6	103,7	103,7	103,7	
Grænmeti og ávextir	100	98,7	99,2	99,2	107,1	100,7	110,9	110,9	110,2	110,0	112,5	
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	103,1	103,5	96,9	103,8	104,7	103,2	105,3	104,0	103,8	106,4	
Ýmsar matvörur	100	101,1	99,2	99,4	96,9	103,6	103,6	103,6	103,6	102,9	104,3	
Drykkjarvörur	100	100,0	99,9	104,0	103,9	101,5	104,3	104,3	104,6	109,0	109,0	
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	99,0	88,0	94,0	100,5	100,5	102,5	102,5	102,5	102,5	102,5	

<b>Samkaup-Úrval</b>											Vika 15=100	
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>100,5</b>	<b>101,2</b>	<b>101,6</b>	<b>102,2</b>	<b>100,6</b>	<b>100,5</b>	<b>103,4</b>	<b>102,8</b>	<b>103,0</b>	<b>101,4</b>	
Brauð og kornvörur	100	100,1	100,1	100,1	99,5	99,6	99,2	100,6	100,7	100,2	100,7	
Kjötvörur	100	101,2	103,0	103,0	101,8	94,5	92,4	101,3	101,3	101,3	93,1	
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	100,0	101,2	104,5	105,0	104,9	105,8	105,4	105,4	105,4	105,4	
Grænmeti og ávextir	100	102,5	102,9	102,9	109,2	107,5	111,3	112,4	107,6	112,8	111,7	
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	101,3	101,2	100,5	101,4	100,5	100,5	101,4	101,4	101,4	100,8	
Ýmsar matvörur	100	100,6	99,4	99,4	99,4	100,5	101,5	105,0	105,5	105,5	105,5	
Drykkjarvörur	100	99,5	99,5	99,5	99,5	102,4	99,5	99,5	99,5	99,3	100,2	
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	97,4	100,0	100,0	100,0	101,0	100,0	100,0	99,8	95,2	99,8	

## Klukkubúðir

Verðbreytingar eru skoðaðar í þremur s.k. klukkubúðarkeðjum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax sem allar eru verslanir með langan opnunartíma. Verð breyttist almennt minna í þessum verslunarkeðjum í apríl og fyrri hluta maí en á seinni hluta tímabilsins. Vörukarfan hefur hækkað um 4% í öllum klukkubúðunum frá því mælingar hófust í apríl.



Brauð og kornvörur hafa hækkað um 5-6% í klukkubúðunum, nema í 10-11 þar sem hækkunin er minni, 2,5%. Mun minni sveiflur eru í verði á kjötvörum í klukkubúðunum 10-11 og 11-11 en í öðrum verslunum. Kjötvörur í vörukörfunni hækkuðu um 5% í 10-11 á tímabilinu en verð þeirra var nánast óbreytt í 11-11. Í Samkaupum-strax voru nokkrar sveiflur í verði kjötvara vegna tilboðsverða en verð þeirra hefur þó heldur farið hækkanði. Mjólkurvörur, ostar og egg í vörukörfunni hafa hækkað um 5-7% í 10-11 og 11-11 en mun minna, eða um 1% í Samkaupum-strax. Grænmeti og ávextir hafa hækkað mikið í klukkubúðunum á tímabilinu, mest í Samkaupum-strax þar sem verðið hefur hækkað allt tímabilið og í heildina um u.þ.b. 20%. Sömu sögu er að segja í 11-11 en þar nemur hækkunin í heildina 12% en í 10-11 lækkaði verð á grænmet og ávöxtum á fyrri hluta tímabilsins en tók svo að hækka eftir það og hækkaði í heildina um u.þ.b.4%. Drykkjarvörur hækkuðu um 5% bæði í 10-11 og 11-11 en verð þeirra lækkaði lítillega í Samkaupum-strax í apríl og breyttist svo lítið eftir það.

<b>10-11</b>											
											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>101,6</b>	<b>100,7</b>	<b>99,7</b>	<b>100,5</b>	<b>101,3</b>	<b>102,4</b>	<b>103,9</b>	<b>103,7</b>	<b>104,3</b>	<b>104,1</b>
Brauð og kornvörur	100	101,7	99,1	100,6	99,9	100,6	100,2	102,5	102,0	101,9	102,6
Kjöttvörur	100	105,1	104,7	100,8	100,9	100,9	105,0	105,3	103,3	107,4	105,5
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	102,1	102,1	102,6	106,0	106,3	106,3	106,3	106,3	106,3	105,1
Grænmeti og ávextir	100	100,2	97,1	95,2	97,4	101,5	100,3	102,5	104,6	102,1	104,1
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	100,0	99,3	100,3	101,0	101,8	100,0	100,0	99,2	98,7	101,5
Ýmsar matvörur	100	100,7	103,5	98,8	99,2	96,6	97,2	104,6	103,5	104,2	101,1
Drykkjarvörur	100	98,8	99,8	98,0	98,1	98,3	102,4	103,6	105,4	104,5	105,4
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,4	94,7	103,7	104,9	104,3	105,8	101,2	104,0	103,4	103,4

<b>11-11</b>											
											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>100,8</b>	<b>101,1</b>	<b>102,0</b>	<b>102,6</b>	<b>103,6</b>	<b>103,7</b>	<b>103,2</b>	<b>103,6</b>	<b>103,9</b>	<b>104,4</b>
Brauð og kornvörur	100	104,6	105,2	105,7	106,3	105,8	105,8	105,8	106,0	106,3	106,4
Kjöttvörur	100	99,9	98,7	100,1	100,1	100,1	100,1	98,8	100,1	100,4	100,4
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	99,1	98,8	102,4	103,1	105,4	106,8	105,5	105,6	105,7	107,0
Grænmeti og ávextir	100	101,6	103,5	103,9	103,9	103,9	109,2	107,2	107,9	108,5	112,0
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	103,4	103,8	103,9	103,9	103,9	103,9	104,9	103,5	104,9	103,8
Ýmsar matvörur	100	96,9	100,5	99,3	103,1	105,0	106,0	106,0	106,0	106,0	106,0
Drykkjarvörur	100	100,3	100,0	100,3	100,9	102,4	102,4	103,6	105,4	105,4	105,4
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	100,0	100,0	100,0	100,0	105,2	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

<b>Samkaup-strax</b>											
											Vika 15=100
Vika	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25
<b>Breyting vörukörfu vegið meðaltal</b>	<b>100</b>	<b>98,7</b>	<b>100,7</b>	<b>101,2</b>	<b>100,3</b>	<b>102,5</b>	<b>100,7</b>	<b>103,8</b>	<b>101,1</b>	<b>102,0</b>	<b>104,0</b>
Brauð og kornvörur	100	100,0	104,7	105,1	104,7	104,7	105,4	105,1	105,4	105,0	105,0
Kjöttvörur	100	91,9	101,2	101,1	91,6	101,2	91,9	102,8	92,3	91,9	102,1
Mjólkurvörur, ostar og egg	100	99,4	98,3	98,3	101,4	102,3	101,4	101,7	101,0	101,9	101,0
Grænmeti og ávextir	100	109,6	109,5	109,8	113,4	115,7	117,9	116,2	114,3	122,7	119,7
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	100	100,0	99,6	98,6	100,4	100,9	100,4	101,3	100,7	101,1	101,1
Ýmsar matvörur	100	100,0	95,3	99,9	101,6	98,5	97,6	102,6	101,9	106,8	105,9
Drykkjarvörur	100	98,7	98,3	98,0	98,0	98,0	98,0	97,8	98,0	98,4	98,4
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	99,1	98,1	98,5	99,6	100,0	103,6	104,3	104,3	104,3	104,3

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglad almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

*Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ*